

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2021/617****2021/EES/71/05****frá 14. apríl 2021**

**um breytingu á framkvæmdarreglugerðum (ESB) 2020/2235 og (ESB) 2020/2236 að því er varðar  
fyrirmyndir að dýraheilbrigðisvottorðum og dýraheilbrigðisvottorðum/opinberum vottorðum vegna  
komu tiltekinna lagardýra og dýraafurða inn í Sambandið (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 frá 29. apríl 2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu <sup>(1)</sup>, einkum a-lið 2. mgr. 7. gr.,með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 frá 9. mars 2016 um smitandi dýrasjúkdóma og um breytingu og niðurfellingu á tilteknum gerðum á sviði dýraheilbrigðis (lög um dýraheilbrigði) <sup>(2)</sup>, einkum 2. mgr. 213. gr. og 4. mgr. 224. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í framkvæmdarreglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2235 <sup>(3)</sup> og (ESB) 2020/2236 <sup>(4)</sup> er mælt fyrir um reglur um beitingu reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 og (ESB) 2017/625 <sup>(5)</sup> að því er varðar fyrirmyndir að dýraheilbrigðisvottorðum og dýraheilbrigðisvottorðum/opinberum vottorðum vegna komu tiltekinna lagardýra og dýraafurða inn í Sambandið.
- 2) Sendingar af lifandi lagardýrum, sem eru ætluð til manneldis, mega einungis koma inn í Sambandið ef þær uppfylla reglurnar sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 853/2004. Orðalag í tilteknum athugasemdum, sem settar eru fram í fyrirmyndum að dýraheilbrigðisvottorðum/opinberum vottorðum fyrir lifandi fisk, lifandi krabbadýr, lifandi samlokur, skrápdyr, möttuldýr, sæsnigla og afurðir úr þessum dýrum í 28. og 31. kafla III. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/2235, er hugsanlega tvírætt að því er varðar lýðheilsukröfur. Til að koma í veg fyrir misskilning og til að tryggja samræmi milli krafna varðandi heilbrigði manna og dýra vegna komu sendinga af tilteknum lifandi lagardýrum, sem eru ætluð til manneldis, inn í Sambandið ætti því að breyta athugasemdunum sem settar eru fram í fyrirmyndum að

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjútíð. ESB L 131, 16.4.2021, bls. 41. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 230/2021 frá 24. September 2021 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjútíð. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 55.

(2) Stjútíð. ESB L 84, 31.3.2016, bls. 1.

(3) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2235 frá 16. desember 2020 um reglur um beitingu reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 og (ESB) 2017/625 að því er varðar fyrirmyndir að dýraheilbrigðisvottorðum, fyrirmyndir að opinberum vottorðum og fyrirmyndir að dýraheilbrigðisvottorðum/opinberum vottorðum vegna komu inn í Sambandið og tilflutninga innan Sambandsins á sendingum af tilteknum flokkum dýra og vara og opinbera vottun að því er varðar slík vottorð og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 599/2004, framkvæmdarreglugerðum (ESB) nr. 636/2014 og (ESB) 2019/628, tilskipun 98/68/EB og ákvörðunum 2000/572/EB, 2003/779/EB og 2007/240/EB (Stjútíð. ESB L 442, 30.12.2020, bls. 1).

(4) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2236 frá 16. desember 2020 um reglur um beitingu reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 og (ESB) 2017/625 að því er varðar fyrirmyndir að dýraheilbrigðisvottorðum vegna komu inn í Sambandið og tilflutninga innan Sambandsins á sendingum af lagardýrum og af tilteknum lagardýraafurðum og opinbera vottun að því er varðar slík vottorð og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1251/2008 (Stjútíð. ESB L 442, 30.12.2020, bls. 410).

(5) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 frá 15. mars 2017 um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem miðar að því að tryggja að lögum um matvæli og fóður og reglum um heilbrigði og velferð dýra, plöntuheilbrigði og plöntuverndarvörur sé beitt og um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001, (EB) nr. 396/2005, (EB) nr. 1069/2009, (EB) nr. 1107/2009, (ESB) nr. 1151/2012, (ESB) nr. 652/2014, (ESB) 2016/429 og (ESB) 2016/2031, reglugerðum ráðsins (EB) nr. 1/2005 og (EB) nr. 1099/2009 og tilskipunum ráðsins 98/58/EB, 1999/74/EB, 2007/43/EB, 2008/119/EB og 2008/120/EB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004, tilskipunum ráðsins 89/608/EBE, 89/662/EBE, 90/425/EBE, 91/496/EBE, 96/23/EB, 96/93/EB og 97/78/EB og ákvörðun ráðsins 92/438/EBE (reglugerð um opinbert eftirlit) (Stjútíð. ESB L 95, 7.4.2017, bls. 1).

dýraheilbrigðisvottorðum/opinberum vottorðum fyrir lifandi fisk, lifandi krabbadýr, lifandi samlokur, skrápdyr, möttuldýr, sæsnigla og afurðir úr þessum dýrum í 28. og 31. kafla III. viðauka til samræmis við það.

- 3) Til að tryggja fullkominn skýrleika í athugasemdunum í fyrirmyndum að dýraheilbrigðisvottorðum/opinberum vottorðum fyrir lifandi fisk, lifandi krabbadýr, lifandi samlokur, skrápdyr, möttuldýr, sæsnigla og afurðir úr þessum dýrum í III. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/2235 ætti að koma skýrt fram að sendingar af lifandi lagardýrum, sem eru ætluð til mannelis, mega einungis koma inn í Sambandið ef þær eru í samræmi við reglugerð (EB) nr. 853/2004.
- 4) Til að tryggja samræmi milli krafna varðandi heilbrigði manna og dýra vegna komu sendinga af tilteknum lifandi lagardýrum, sem eru ætluð til mannelis, inn í Sambandið er þar að auki þörf á að gera tilteknar breytingar á fyrirsögn og athugasemdum í fyrirmynd að dýraheilbrigðisvottorði fyrir lagardýr sem eru ætluð fyrir tilteknar lagareldisstöðvar, til sleppingar út í náttúruna eða í öðrum tilgangi eins og sett er fram í II. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/2236. Þessar breytingar eru nauðsynlegar til að tryggja að það sé fullkomlega skýrt að það má ekki nota þetta vottorð fyrir sendingar af lagardýrum sem eru ætluð til mannelis. Hreinsunarstöðvar og afgreiðslustöðvar eru lagareldisstöðvar í samræmi við reglugerð (ESB) 2016/429 en reglur um lýðheilsu koma í veg fyrir að lagardýr komi inn til Sambandsins ef þau eru ætluð fyrir hreinsunarstöðvar eða, við tilteknar aðstæður, ef þau eru ætluð fyrir afgreiðslustöðvar.
- 5) Til að skapa skýrleika að því er þetta varðar og til að koma í veg fyrir misskilning ætti að breyta fyrirmyndinni að dýraheilbrigðisvottorði vegna komu sendinga af lagardýrum sem eru ætlaðar fyrir tilteknar lagareldisstöðvar, til sleppingar út í náttúruna eða í öðrum tilgangi, inn í Sambandið, sem sett er fram í II. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/2236, til að tryggja að það sé skýrt að sendingar af lifandi lagardýrum, sem eru ætluð til mannelis, megi einungis koma inn í Sambandið ef þær eru í samræmi við reglugerð (EB) nr. 853/2004.
- 6) Þar eð framkvæmdarreglugerðir (ESB) 2020/2235 og (ESB) 2020/2236 gilda frá og með 21. apríl 2021 ætti þessi reglugerð einnig að koma til framkvæmda frá og með þeirri dagsetningu.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Ákvæðum III. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/2235 er breytt sem hér segir:

- 1) Fyrirmyndinni að dýraheilbrigðisvottorði/opinberu vottorði vegna komu lifandi fiska, lifandi krabbadýra og afurða úr þessum dýrum, sem eru ætlaðar til mannelis, inn í Sambandið (FYRIRMYND FISH-CRUST-HC) í 28. kafla er breytt sem hér segir:
  - a) Í stað liðar II.2.3.1 kemur eftirfarandi:

„<sup>(4)(6)</sup>[II.2.3.1. Þau falla undir kröfurnar í lið II.2.4 og þau eru upprunnin frá/í <sup>(4)</sup>[land] <sup>(4)</sup>[yfírráðasvæði] <sup>(4)</sup>[svæði] <sup>(4)</sup>[hólf] með <sup>(5)</sup>kóðann: \_ – \_ sem, á útgáfudegi þessa vottorðs, var tilgreint í skrá yfir þriðju lönd og yfírráðasvæði, sem framkvæmdastjórnin samþykkti í samræmi við 1. mgr. 230. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429, til að flytja inn í Sambandið <sup>(3)</sup>[lagardýr] <sup>(3)</sup>[lagardýraafurðir aðrar en lifandi lagardýr].“

- b) Í stað athugasemdana kemur eftirfarandi:

#### „Athugasemdir

Í samræmi við samninginn um útgöngu Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands úr Evrópusambandinu og Kjarnorkubandalagi Evrópu, einkum 4. mgr. 5. gr. bókunarinnar um Írland/Norður-Írland í tengslum við 2. viðauka við þá bókun, innihalda vísanir til Evrópusambandsins í þessu vottorði Breska konungsríkið að því er varðar Norður-Írland.

„Lagardýr“: dýr eins og þau eru skilgreind í 3. lið 4. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429.

„Lagareldisdýr“: lagardýr sem falla undir lagareldi eins og skilgreint er í 7. lið 4. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429.

Öll lagardýr og lagardýraafurðir, aðrar en lifandi lagardýr, sem liður II.2.4. í þessu vottorði á við um verða að vera upprunnin í/á landi/yfirráðasvæði/svæði/hólfi sem er tilgreint í skrá yfir þriðju lönd og yfirráðasvæði sem framkvæmdastjórnin samþykkti í samræmi við 1. mgr. 230. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429.

Liður II.2.4. í vottorðinu **gildir ekki** um eftirfarandi krabbadýr og fisk sem mega þar af leiðandi vera upprunnin frá landi/yfirráðasvæði eða hluta þess sem framkvæmdastjórnin skráir í samræmi við 2. mgr. 127. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625:

- a) krabbadýr sem er pakkað og þau merkt til manneldis í samræmi við sértækar kröfur varðandi þessi dýr, eins og sett er fram í reglugerð (EB) nr. 853/2004, og þau væru ófar um að lifa af ef þau væru sett aftur í vatnsumhverfið,
- b) krabbadýr sem eru ætluð til manneldis án frekari vinnslu, að því tilskildu að þau séu sett í smásöluumbúðir í samræmi við kröfur um slíkar umbúðir eins og sett er fram í reglugerð (EB) nr. 853/2004,
- c) krabbadýr sem er pakkað og þau merkt til manneldis í samræmi við sértækar kröfur varðandi þessi dýr, eins og sett er fram í reglugerð (EB) nr. 853/2004, og þau eru ætluð til frekari vinnslu, án tímabundinnar geymslu á vinnslustað,
- d) fiska sem hefur verið slátrað og þeir slægðir fyrir brotsendingu.

Þetta vottorð á við um afurðir úr dýraríkinu sem og um lifandi lagardýr, þ.m.t. þau sem eru ætluð til fyrirtækis sem framleiðir matvæli úr lagardýrum og beitir sjúkdómsvörnum eins og það er skilgreint í 52. lið 4. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429, sem eru ætluð til manneldis í samræmi við VII. þátt III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004.

Þetta dýraheilbrigðisvottorð/opinbera vottorð skal útfyllt samkvæmt athugasemdum varðandi útfyllingu vottorða sem kveðið er á um í 4. kafla I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/2235.

#### I. hluti:

Reitur I.20: Merkið við „*niðurlagningariðnaður*“ fyrir heilan fisk sem var upphaflega frystur í saltþækli við -9 °C eða við hærra hitastig en -18 °C og er ætlaður til niðurlagningar í samræmi við kröfurnar í 7. lið II. liðar I. kafla VIII. þáttar III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004. Merkið við „*afurðir til manneldis*“ eða „*frekari vinnsla*“ í öðrum tilvikum.

Reitur I.27: Setjið inn viðeigandi númer úr samræmdri tollskrá (ST-númer), s.s.: 0301, 0302, 0303, 0304, 0305, 0306, 0307, 0308, 0511, 1504, 1516, 1518, 1603, 1604, 1605 eða 2106.

Reitur I.27: Lýsing á sendingu:

„*Tegund vöru*“: Tilgreinið hvort um lagareldi eða villt dýr er að ræða.

„*Tegund meðhöndlunar*“: Tilgreinið hvort þau eru lifandi, kæld, fryst eða unnin.

„*Framleiðslustöð*“: þ.m.t. verksmiðjuskip, frystiskip, kælliskip, kæligeymsla og vinnslustöð.

**II. hluti:**

- (1) Liður II.1 í þessu vottorði á ekki við um lönd með sérstakar kröfur um heilbrigðisvottun sem mælt er fyrir um í jafngildissamningum eða annarri löggjöf ESB.
- (2) Liður II.2. í þessu vottorði á ekki við og skal strikað yfir hann þegar sendingin samanstendur af: a) öðrum dýrategundum en þeim sem eru tilgreindar í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1882 (\*) eða b) villtum lagardýrum og afurðum úr þessum lagardýrum sem er landað úr fiskiskipum til manneldis eða c) afurðum úr öðrum dýrum en lifandi lagardýrum sem eru flutt inn í Sambandið tilbúin til beinnar neyslu.
- (3) Dýrategundir sem eru tilgreindar í 3. og 4. dálki töflunnar í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1882. Dýrategundir sem eru tilgreindar í 4. dálki skulu einungis teljast smitferjur við skilyrðin sem sett eru fram í 171. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/692.
- (4) Strikið yfir það sem á ekki við.
- (5) Kóði þriðja lands/yfirráðasvæðis/svæðis/hólfs eins og hann er tilgreindur í skrá yfir þriðju lönd og yfirráðasvæði sem framkvæmdastjórnin samþykkti í samræmi við 1. mgr. 230. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429.
- (6) Liðir II.2.3.1, II.2.3.2 og II.2.4. í þessu vottorði eiga ekki við og skal strika yfir þá ef sendingin inniheldur einungis eftirfarandi krabbadýr eða fisk:
  - a) krabbadýr sem er pakkað og þau merkt til manneldis í samræmi við sértækar kröfur varðandi þessi dýr, eins og sett er fram í reglugerð (EB) nr. 853/2004, og þau væru ófær um að lifa af ef þau væru sett aftur í vatnsumhverfið,
  - b) krabbadýr sem eru ætluð til manneldis án frekari vinnslu, að því tilskildu að þau séu sett í smásöluumbúðir í samræmi við kröfur um slíkar umbúðir eins og sett er fram í reglugerð (EB) nr. 853/2004,
  - c) krabbadýr sem er pakkað og þau merkt til manneldis í samræmi við sértækar kröfur varðandi þessi dýr, eins og sett er fram í reglugerð (EB) nr. 853/2004, og þau eru ætluð til frekari vinnslu, án tímabundinnar geymslu á vinnslustað,
  - d) fiska sem hefur verið slátrað og þeir slæðir fyrir brottsendingu.
- (7) Á við þegar viðtökuaðildarríkið í Sambandinu er annaðhvort með sjúkdómalaus stöðu m.t.t. sjúkdóms í C-flokki, eins og skilgreint er í 3. lið 1. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/1882, eða fellur undir valkvæða útrýmingaráætlun sem er komið á í samræmi við 2. mgr. 31. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429, annars skal strika yfir þetta.
- (8) Á við þegar viðtökuaðildarríkið í Sambandinu er með samþykktar landsráðstafanir vegna tiltekins sjúkdóms fyrir hendi, sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt í samræmi við 226. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429, annars skal strika yfir þetta.
- (9) Dýrategundir sem eru tilgreindar í 2. dálki töflunnar í XXIX. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2020/692 að því er varðar sjúkdóma sem aðildarríkin eru með landsráðstafanir gegn eins og kveðið er á um í 226. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429.
- (10) Skal undirritað af:
  - opinberum dýralækni þegar ekki er strikað yfir lið II.2, dýraheilbrigðisvottun
  - vottunarmanni eða opinberum dýralækni þegar strikað er yfir lið II.2, dýraheilbrigðisvottun.

---

(\*) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1882 frá 3. desember 2018 um beitingu tiltekinna reglna um forvarnir og varnir gegn sjúkdómum fyrir flokka skráðra sjúkdóma og um að koma á skrá yfir dýrategundir og hópa dýrategunda sem skapa töluverða áhættu á útbreiðslu þessara skráðu sjúkdóma (Stjtíð. ESB L 308, 4.12.2018, bls. 21).“

- 2) Í stað athugasemdana með fyrirmyndinni að dýraheilbrigðisvottorði/opinberu vottorði vegna komu lifandi samloka, skrápdyra, möttuldýra, sæsnigla og afurða úr þessum dýrum, sem eru ætluð til mannelis, inn í Sambandið (FYRIRMYND MOL-HC) í 31. kafla kemur eftirfarandi:

### „Athugasemdir

Í samræmi við samninginn um útgöngu Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands úr Evrópusambandinu og Kjarnorkubandalagi Evrópu, einkum 4. mgr. 5. gr. bókunarinnar um Írland/Norður-Írland í tengslum við 2. viðauka við þá bókun, innihalda vísanir til Evrópusambandsins í þessu vottorði Breska konungsríkið að því er varðar Norður-Írland.

„Lagardýr“: dýr eins og þau eru skilgreind í 3. lið 4. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429.  
„Lagareldisdýr“: lagardýr sem falla undir lagareldi eins og skilgreint er í 7. lið 4. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429.

Öll lagardýr og lagardýraafurðir, aðrar en lifandi lagardýr, sem liður II.2.4. í þessu vottorði á við um verða að vera upprunnin í/á landi/yfirráðasvæði/svæði/hólfi sem er tilgreint í skrá yfir þriðju lönd og yfirráðasvæði sem framkvæmdastjórnin samþykkti í samræmi við 1. mgr. 230. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429.

Liður II.2.4. í vottorðinu **gildir ekki** um eftirfarandi lagardýr sem mega þar af leiðandi vera upprunnin frá landi eða svæði þess sem framkvæmdastjórnin skráði í samræmi við 2. mgr. 127. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625:

- a) lindýr sem er pakkað og þau merkt til mannelis í samræmi við sértækar kröfur varðandi þessi dýr, eins og sett er fram í reglugerð (EB) nr. 853/2004, og þau væru ófær um að lifa af ef þau væru sett aftur í vatnsumhverfið,
- b) lindýr sem eru ætluð til mannelis án frekari vinnslu, að því tilskildu að þau séu sett í smásöluumbúðir í samræmi við kröfur um slíkar umbúðir eins og sett er fram í reglugerð (EB) nr. 853/2004,
- c) lindýr sem er pakkað og þau merkt til mannelis í samræmi við sértækar kröfur varðandi þessi dýr, eins og sett er fram í reglugerð (EB) nr. 853/2004, og þau eru ætluð til frekari vinnslu, án tímabundinnar geymslu á vinnslustað.

Þetta dýraheilbrigðisvottorð/opinbera vottorð skal útfyllt samkvæmt athugasemdum varðandi útfyllingu vottorða sem kveðið er á um í 4. kafla I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/2235.

### I. hluti:

Reitur I.8: Upprunasvæði: tilgreinið framleiðslusvæðið og flokkun þess við tekju.

### II. hluti:

- (1) Liður II.1 á ekki við um lönd með sérstakar kröfur um heilbrigðisvottun sem mælt er fyrir um í jafngildissamningum eða annarri löggjöf ESB.
- (2) Liður II.2. á ekki við og skal strikað yfir hann þegar sendingin samanstendur af: a) öðrum dýrategundum en þeim sem eru tilgreindar í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1882 (\*) eða b) villtum lagardýrum og afurðum úr þessum villtu lagardýrum sem er landað úr fiskiskipum til mannelis eða c) afurðum úr öðrum lagardýrum en lifandi lagardýrum sem eru flutt inn í Sambandið tilbúin til beinnar neyslu.
- (3) Dýrategundir sem eru tilgreindar í 3. og 4. dálki töflunnar í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1882. Dýrategundir sem eru tilgreindar í 4. dálki skulu einungis teljast smitferjur við skilyrðin sem sett eru fram í 171. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/692.

- (4) Strikið yfir það sem á ekki við.
- (5) Kóði þriðja lands/yfirráðasvæðis/svæðis/hólfs eins og hann er tilgreindur í skrá yfir þriðju lönd og yfirráðasvæði sem framkvæmdastjórnin samþykkti í samræmi við 1. mgr. 230. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429.
- (6) Liðir II.2.3.1, II.2.3.2. og II.2.4 eiga ekki við og skal strika yfir þá ef sendingin inniheldur einungis eftirfarandi lagardýr:
- lindýr sem er pakkað og þau merkt til mannelis í samræmi við sértækar kröfur varðandi þessi dýr, eins og sett er fram í reglugerð (EB) nr. 853/2004, og þau væru ófær um að lifa af ef þau væru sett aftur í vatnsumhverfið,
  - lindýr sem eru ætluð til mannelis án frekari vinnslu, að því tilskildu að þau séu sett í smásöluumbúðir í samræmi við kröfur um slíkar umbúðir eins og sett er fram í reglugerð (EB) nr. 853/2004,
  - lindýr sem er pakkað og þau merkt til mannelis í samræmi við sértækar kröfur varðandi þessi dýr, eins og sett er fram í reglugerð (EB) nr. 853/2004, og þau eru ætluð til frekari vinnslu, án tímabundinnar geymslu á vinnslustað.
- (7) Á einungis við þegar viðtökuaðildarríkið/-svæðið/-hólfið í Sambandinu er annaðhvort með sjúkdómalaus stöðu m.t.t. sjúkdóms í C-flokki, eins og skilgreint er í 3. lið 1. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/1882, eða fellur undir valkvæða útrýmingaráætlun sem er komið á í samræmi við 2. mgr. 31. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429, annars skal strika yfir þetta.
- (8) Á við þegar viðtökuaðildarríkið í Sambandinu er með samþykktar landsráðstafanir vegna tiltekins sjúkdóms fyrir hendi, sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt í samræmi við 226. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429, annars skal strika yfir þetta.
- (9) Dýrategundir sem eru tilgreindar í 2. dálki töflunnar í XXIX. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2020/692 að því er varðar sjúkdóma sem aðildarríkin eru með landsráðstafanir gegn eins og kveðið er á um í 226. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429.
- (10) Skal undirritað af:
- opinberum dýralækni þegar ekki er strikað yfir lið II.2, dýraheilbrigðisvottun
  - vottunarmanni eða opinberum dýralækni þegar strikað er yfir lið II.2, dýraheilbrigðisvottun.

---

(\*) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1882 frá 3. desember 2018 um beitingu tiltekinna reglna um forvarnir og varnir gegn sjúkdómum fyrir flokka skráðra sjúkdóma og um að koma á skrá yfir dýrategundir og hópa dýrategunda sem skapa töluverða áhættu á útbreiðslu þessara skráðu sjúkdóma (Stjttíð. ESB L 308, 4.12.2018, bls. 21).“

## 2. gr.

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/2236 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað 7. gr. kemur eftirfarandi:

„7. gr.

**Fyrirmynd að dýraheilbrigðisvottorði vegna komu sendinga af lagardýrum, sem eru ætlaðar fyrir lagareldisstöðvar, til sleppingar út í náttúruna eða í öðrum tilgangi, inn í Sambandið, þó ekki til mannelis**

Dýraheilbrigðisvottorðið, sem um getur í b-lið 2. mgr. 1. gr., sem skal nota vegna komu sendinga af lagardýrum, sem eru ætlaðar fyrir lagareldisstöðvar, til sleppingar út í náttúruna eða í öðrum tilgangi, inn í Sambandið, þó ekki til mannelis, skal vera í samræmi við fyrirmyndina AQUA-ENTRY-ESTAB/RELEASE/OTHER og útbúið í samræmi við fyrirmyndina sem sett er fram í II. viðauka.“

- 2) Í stað II. viðauka kemur textinn í viðaukanum við þessa reglugerð.

*3. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 21. apríl 2021.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. apríl 2021.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

\_\_\_\_\_

## VIÐAUKI

## „II. VIÐAUKI

Í II. viðauka er að finna eftirfarandi fyrirmynd að dýraheilbrigðisvottorði:

Fyrirmynd

AQUA-ENTRY-ESTAB/RELEASE/ OTHER	Fyrirmynd að dýraheilbrigðisvottorði vegna komu sendinga af lagardýrum, sem eru ætlaðar fyrir tiltekna lagareldisstöðvar, til sleppingar út í náttúruna eða í öðrum tilgangi, inn í Sambandið, þó ekki til mannelis
------------------------------------	---



**FYRIRMYND AÐ DÝRAHEILBRIGÐISVOTTORÐI VEGNA KOMU SENDINGA AF LAGARDÝRUM, SEM ERU ÆTLAÐAR FYRIR TILTEKNAR LAGARELDISSTÖÐVAR, TIL SLEPPINGAR ÚT Í NÁTTÚRUNA EÐA Í ÖÐRUM TILGANGI, INN Í SAMBANDIÐ, ÞÓ EKKI TIL MANNELDIS (FYRIRMYND „AQUA-ENTRY-ESTAB/RELEASE/OTHER“)**

LAND		Dýraheilbrigðisvottorð inn í ESB			
I. hluti: Lýsing á sendingu	<b>I.1</b>	<b>Sendandi/útflytjandi</b> Heiti Heimilisfang Land ISO-landskóði	<b>I.2</b>	<b>Tilvísunarnúmer vottorðs</b>	<b>I.2a</b> IMSOC-tilvísun
			<b>I.3</b>	<b>Lögbært stjórnvald</b>	<b>QR-KÓÐI</b>
			<b>I.4</b>	<b>Lögbært staðaryfirvald</b>	
		<b>I.5</b>	<b>Viðtakandi/innflytjandi</b> Heiti Heimilisfang Land ISO-landskóði	<b>I.6</b>	<b>Rekstraraðili sem ber ábyrgð á sendingunni</b> Heiti Heimilisfang Land ISO-landskóði
		<b>I.7</b>	<b>Upprunaland</b> ISO-landskóði	<b>I.9</b>	<b>Viðtökuland</b> ISO-landskóði
		<b>I.8</b>	<b>Upprunasvæði</b> Kóði	<b>I.10</b>	<b>Viðtökusvæði</b> Kóði
		<b>I.11</b>	<b>Sendingarstaður</b> Heiti Skráningar-/samþykkisnr. Heimilisfang Land ISO-landskóði	<b>I.12</b>	<b>Viðtökustaður</b> Heiti Skráningar-/samþykkisnr. Heimilisfang Land ISO-landskóði
		<b>I.13</b>	<b>Fermingarstaður</b>	<b>I.14</b>	<b>Brottfarardagur og -tími</b>
		<b>I.15</b>	<b>Flutningateki</b> <input type="checkbox"/> Loftfar <input type="checkbox"/> Skip <input type="checkbox"/> Járnbrautir <input type="checkbox"/> Ökutæki Auðkenning	<b>I.16</b>	<b>Landamæraeffirlitsstöð sem er komustaður</b>
				<b>I.17</b>	<b>Fylgiskjöl</b> Tegund Kóði Land ISO-landskóði Tilvísun í viðskiptaskjöl
		<b>I.18</b>	<b>Flutningsskilyrði</b> <input type="checkbox"/> Við umhverfshita <input type="checkbox"/> Kældar <input type="checkbox"/> Frystar		
		<b>I.19</b>	<b>Gámanúmer/innsigli snúmer</b> Gámanr. Innsigli snr.		
	<b>I.20</b>	<b>Vottað sem eða til</b> <input type="checkbox"/> Áfram í haldi <input type="checkbox"/> Lokuð starfsstöð <input type="checkbox"/> Til sleppingar út í náttúruna <input type="checkbox"/> Sóttkvíunarsstöð <input type="checkbox"/> Annað <input type="checkbox"/> Lagareldisstöð fyrir skrautlagardýr <input type="checkbox"/> Umlagningarsvæði/hreinsunarsstöð			
	<b>I.21</b>	<input type="checkbox"/> Til umflutnings Þriðja land ISO-landskóði	<b>I.22</b>	<input type="checkbox"/> Fyrir innri markaðinn	
			<b>I.23</b>	<input type="checkbox"/> Fyrir endurkomu	
	<b>I.24</b>	<b>Heildarfjöldi pakkninga</b>	<b>I.25</b>	<b>Heildarmagn</b>	
			<b>I.26</b>	<b>Samanlögð eigin þyngd/heildarþyngd (kg)</b>	
	<b>I.27</b>	<b>Lýsing á sendingu</b>			
	SN-númer	Tegund Undirtegund/flokkur	Tegund vöru	Tegund umbúða	Aldur Magn
				Fjöldi pakkninga	Eigin þyngd
				Samþykkis- eða skráningar-númer stöðvar/starfsstöðvar/miðstöðvar	

LAND	Fyrirmynd að vottorði AQUA-ENTRY-ESTAB/RELEASE/OTHER		
	II. Upplýsingar um heilbrigði	II.a Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b IMSOC-tilvísun
II. hluti: Vottun	<p>Ég, undirritaður, opinber dýralæknir, votta hér með að:</p> <p>II.1. Samkvæmt opinberum upplýsingum uppfylla lagardýrin, sem um getur í reit I.27 í I. hluta, eftirfarandi dýraheilbrigðiskröfur:</p> <p>II.1.1. Lagardýrin eru upprunnin í/á <sup>(1)</sup>[stöð] <sup>(1)</sup>[búsvæði] sem fellur ekki undir landsbundnar takmörkunaráðstafanir af ástæðum sem varða heilbrigði dýra eða vegna þess að upp kemur afbrigðileg dánartíðni af óskilgreindum orsökum, þ.m.t. viðkomandi skráðir sjúkdómar, sem um getur í I. viðauka við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/692, og nýtilkomnir sjúkdómar.</p> <p>II.1.2. Ekki er ætlunin að aflífa lagardýrin samkvæmt landsbundinni áætlun um útrýmingu sjúkdóma, þ.m.t. viðkomandi skráðir sjúkdómar, sem um getur í I. viðauka við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/692, og nýtilkomnir sjúkdómar.</p> <p><sup>(1)</sup>II.2. Lagardýrin, sem um getur í reit I.27 í I. hluta, uppfylla eftirfarandi kröfur:</p> <p>II.2.1. Þau koma frá lagareldisstöð sem er <sup>(1)</sup>[skráð] <sup>(1)</sup>[samþykkt] af hálfu og undir eftirliti lögbærs yfirvalds þriðja landsins eða upprunayfirráðasvæðisins og er með kerfi fyrir hendi til að viðhalda og til að geyma í a.m.k. 3 ár uppfærðar skrár sem innihalda upplýsingar sem varða:</p> <ol style="list-style-type: none"> <li>i. tegundir, flokka og fjölda lagareldisdýra í lagareldisstöðinni,</li> <li>ii. tilflutninga á lagardýrum inn í lagareldisstöðina og lagareldisdýrum út úr henni,</li> <li>iii. dánartíðni í lagareldisstöðinni.</li> </ol> <p>II.2.2. Þau koma frá lagareldisstöð sem fær reglulega dýraheilbrigðisheimsóknir frá dýralækni í þeim tilgangi að greina og fá upplýsingar um merki sem benda til viðkomandi skráðra sjúkdóma, sem um getur í I. viðauka við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/692, og nýtilkominna sjúkdóma, og tíðni heimsóknanna er í réttu hlutfalli við áhættuna sem stafar af lagareldisstöðinni.]</p> <p><b>II.3. Almennar heilbrigðiskröfur</b></p> <p>Lagardýrin, sem um getur í reit I.27 í I. hluta, uppfylla eftirfarandi dýraheilbrigðiskröfur:</p> <p>II.3.1. Lagardýrin eru upprunnin í/á <sup>(1)</sup>[landi] <sup>(1)</sup>[yferráðasvæði], <sup>(1)</sup>[svæði] <sup>(1)</sup>[hólfi] með <sup>(2)</sup>kóðann: ___ – ___ sem, á útgáfudegi þessa vottorðs, hefur leyfi til að flytja tiltekna tegundir lagardýra inn í Sambandið og er tilgreint í skrá yfir þriðju lönd og yfirráðasvæði sem framkvæmdastjórnin samþykkti í samræmi við 1. mgr. 230. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429.</p> <p>II.3.2. Þau fóru í klíniska skoðun hjá opinberum dýralækni innan 72 klukkustunda fyrir ferminu. Við skoðunina sýndu lagardýrin engin klínísk einkenni smitandi sjúkdóma og samkvæmt viðeigandi skráum lagareldisstöðvarinnar benti ekkert til að sjúkdómar væru vandamál.</p> <p>II.3.3. Þau verða send beint frá upprunastöðinni til Sambandsins.</p> <p>II.3.4. Þau hafa ekki komist í snertingu við lagardýr í lakara heilbrigðisástandi.</p>		

LAND	Fyrirmynd að vottorði AQUA-ENTRY-ESTAB/RELEASE/OTHER
	<p>annaðhvort <sup>(1)</sup> <b>II.4. Sérstakar heilbrigðiskröfur</b></p> <p><b>II.4.1. Kröfur vegna <sup>(3)</sup>tegunda sem eru skráðar fyrir blóðmyndandi drep, sýkingu af völdum <i>Microcytos mackini</i>, sýkingu af völdum perkinsveikisýkils (<i>Perkinsus marinus</i>), sýkingu af völdum rauðhalaveiru og sýkingu af völdum gulhöfðaveikiveiru</b></p> <p>Lagardýrin, sem um getur í reit I.27 í I. hluta, eru upprunnin í/á <sup>(1)</sup>[landi] <sup>(1)</sup>[yfírráðasvæði] <sup>(1)</sup>[svæði] <sup>(1)</sup>[hólfi] sem lýst hefur verið yfir að sé laust við <sup>(1)</sup>[blóðmyndandi drep] <sup>(1)</sup>[sýkingu af völdum <i>Microcytos mackini</i>] <sup>(1)</sup>[sýkingu af völdum perkinsveikisýkils (<i>Perkinsus marinus</i>)] <sup>(1)</sup>[sýkingu af völdum rauðhalaveiru] <sup>(1)</sup>[sýkingu af völdum gulhöfðaveikiveiru] í samræmi við skilyrði sem eru a.m.k. jafnströng og þau sem sett eru fram í 66. gr. eða í 73. gr. (1. mgr.) og 73. gr. (a-liður 2. mgr.) framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/689 og þar sem allar <sup>(3)</sup>tegundir sem eru skráðar fyrir viðkomandi sjúkdómi/sjúkdómum:</p> <p>i. eru fluttar inn frá öðru <sup>(1)</sup>[landi] <sup>(1)</sup>[yfírráðasvæði] <sup>(1)</sup>[svæði] <sup>(1)</sup>[hólfi] sem hefur verið lýst laust við sama sjúkdóm/sömu sjúkdóma,</p> <p>ii. eru ekki bólusettar gegn <sup>(1)</sup> [þessum sjúkdómi] <sup>(1)</sup> [þessum sjúkdómum].</p> <p><sup>(1)(4)</sup><b>II.4.2. Kröfur vegna <sup>(3)</sup>tegunda sem eru skráðar fyrir veirublæði, iðradrep, sýkingu af völdum blóðþorraveiru af arfgerð með HPR-úrfellingu, sýkingu af völdum martelíuveikisýkils (<i>Marteilia refringens</i>), sýkingu af völdum <i>Bonamia exitiosa</i>, sýkingu af völdum ostruveikisýkils (<i>Bonamia ostreae</i>) og sýkingu af völdum hvítblettaveikiveiru</b></p> <p>Lagardýrin, sem um getur í reit I.27 í I. hluta, eru upprunnin í/á <sup>(1)</sup>[landi] <sup>(1)</sup>[yfírráðasvæði] <sup>(1)</sup>[svæði] <sup>(1)</sup>[hólfi] sem lýst hefur verið yfir að sé laust við <sup>(1)</sup>[veirublæði (VHS)] <sup>(1)</sup>[iðradrep (IHN)] <sup>(1)</sup>[sýkingu af völdum blóðþorraveiru af arfgerð með HPR-úrfellingu (ISAV)] <sup>(1)</sup>[sýkingu af völdum martelíuveikisýkils (<i>Marteilia refringens</i>)] <sup>(1)</sup>[sýkingu af völdum <i>Bonamia exitiosa</i>] <sup>(1)</sup>[sýkingu af völdum ostruveikisýkils (<i>Bonamia ostreae</i>)] <sup>(1)</sup>[sýkingu af völdum hvítblettaveikiveiru] í samræmi við 4. kafla II. hluta framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/689 og þar sem allar <sup>(3)</sup>tegundir sem eru skráðar fyrir viðkomandi sjúkdómi/sjúkdómum:</p> <p>i. eru fluttar inn frá öðru <sup>(1)</sup>[landi] <sup>(1)</sup>[yfírráðasvæði] <sup>(1)</sup>[svæði] <sup>(1)</sup>[hólfi] sem hefur verið lýst laust við sama sjúkdóm/sömu sjúkdóma,</p> <p>ii. eru ekki bólusettar gegn <sup>(1)</sup> [þessum sjúkdómi] <sup>(1)</sup> [þessum sjúkdómum].]</p> <p><sup>(1)(5)</sup><b>II.4.3. Kröfur vegna <sup>(6)</sup>tegunda sem eru smitnæmar fyrir sýkingu af völdum vorveiru í vatnakarpa, nýrnaveiki, sýkingu af völdum brisdrepsveiru, sýkingu af völdum roðflyðrusníkils, sýkingu af völdum alfaveiru í laxfiski, sýkingu af völdum ostruherpesveiru (OsHV-1 μvar) og <sup>(3)</sup> tegunda sem eru smitnæmar fyrir skjónakarphaerpesveiki</b></p>

LAND	Fyrirmynd að vottorði AQUA-ENTRY-ESTAB/RELEASE/OTHER
	<p>Lagardýrin, sem um getur í reit I.27 í I. hluta, eru upprunnin í/á <sup>(1)</sup>[landi] <sup>(1)</sup>[yfírráðasvæði] <sup>(1)</sup>[svæði] <sup>(1)</sup>[hólfi] sem uppfyllir heilbrigðisábyrgðir að því er varðar <sup>(1)</sup>[vorveiru í vatnakarpa], <sup>(1)</sup>[nýrnaveiki], <sup>(1)</sup>[sýkingu af völdum brisdrepsveiru], <sup>(1)</sup>[sýkingu af völdum roðflýðrusníkils], <sup>(1)</sup>[sýkingu af völdum alfaveiru í laxfiski], <sup>(1)</sup>[sýkingu af völdum ostruherpesveiru (OsHV-1 μvar)], <sup>(1)</sup>[skjónakarpaherpesveiki], sem eru nauðsynlegar til að fara að landsráðstöfunum sem gilda í viðtökuaðildarríkinu eins og mælt er fyrir um í framkvæmdargerðum sem framkvæmdastjórnin samþykkir í samræmi við 3. mgr. 226. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429.]</p> <p><sup>(1)</sup>eða <b>II.4. Sérstakar heilbrigðiskröfur</b></p> <p>Lagardýrin, sem um getur í reit I.27 í I. hluta, eru lagardýr sem eiga að fara til lokaðrar stöðvar sem uppfyllir kröfurnar í 9. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/691 þar sem á að nota þau í rannsóknarskyni.]</p> <p><sup>(1)</sup>eða <b>II.4. Sérstakar heilbrigðiskröfur</b></p> <p>Lagardýrin, sem um getur í reit I.27 í I. hluta, eru villt lagardýr sem, <sup>(1)</sup>[hafa verið sett í sóttkví í stöð sem lögbært yfirvald hefur samþykkt í þeim tilgangi í/á uppruna- <sup>(1)</sup>[landi] <sup>(1)</sup>[yfírráðasvæði] í samræmi við 15. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/691.] <sup>(1)</sup>[verða sett í sóttkví í stöð sem er samþykkt í þeim tilgangi í samræmi við 15. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/691.]</p> <p><b>II.5.</b> Samkvæmt minni bestu vitund og eins og rekstraraðilinn lýsir yfir sýna dýrin í sendingunni engin sjúkdómseinkenni og koma frá <sup>(1)</sup>[stöð] <sup>(1)</sup>[búsavæði] þar sem:</p> <ol style="list-style-type: none"> <li>i. ekki er um að ræða afbrigðilega dánartíðni af óskilgreindum orsökum og</li> <li>ii. lagardýrin hafa ekki komist í snertingu við dýr í haldi af <sup>(3)</sup>[skræðum tegundum sem uppfylltu ekki kröfurnar sem um getur í lið II.1.</li> </ol> <p><b>II.6. Kröfur í flutningi</b></p> <p>Ráðstafanir hafa verið gerðar til að flytja lagardýrin, sem um getur í reit I.27 í I. hluta, í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í 167. og 168. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/692 og einkum að:</p> <ol style="list-style-type: none"> <li>II.6.1. lagardýrin eru sent beint frá upprunastöðinni til Sambandsins og eru ekki tekin úr gámnum þegar þau eru flutt loftleiðis, sjóleiðis, með járnbraut eða á vegum,</li> <li>II.6.2. ekki er skipt um vatnið, sem þau eru flutt í, í þriðja landi eða á yfirráðasvæði, svæði eða í hólfi sem er ekki skræð vegna innflutnings á þessari tilteknu tegund og flokki lagardýra inn í Sambandið,</li> <li>II.6.3. dýrin eru ekki flutt við skilyrði sem stofna heilbrigðisástandi þeirra í hættu, einkum: <ol style="list-style-type: none"> <li>i. þegar dýrin eru flutt í vatni breytir það ekki heilbrigðisástandi þeirra,</li> <li>ii. flutningatæki og gámar eru smíðuð þannig að heilbrigðisástandi lagardýranna er ekki stofnað í hættu í flutningi,</li> <li>iii. <sup>(1)</sup>[gámurinn] <sup>(1)</sup>[brunnbáturinn] er áður ónotaður eða hreinsaður og sóthreinsaður í samræmi við aðferðarlýsingu og með vörum sem lögbært yfirvald í/á uppruna- <sup>(1)</sup>[þriðja landi] <sup>(1)</sup>[yfírráðasvæði] samþykkir fyrir fermingu til sendingar inn í Sambandið,</li> </ol> </li> <li>II.6.4. frá fermingu á upprunastöð til komu inn í Sambandið eru dýrin í sendingunni ekki flutt í sama vatni eða <sup>(1)</sup>[gámi] <sup>(1)</sup>[brunnbát] og lagardýr í lakara heilbrigðisástandi eða sem eru ekki ætluð til innflutnings inn í Sambandið,</li> </ol>

LAND	Fyrirmynd að vottorði AQUA-ENTRY-ESTAB/RELEASE/OTHER
	<p>II.6.5. ef það er nauðsynlegt að skipta um vatn í/á <sup>(1)</sup>[þriðja landi] <sup>(1)</sup>[yfirráðasvæði] <sup>(1)</sup>[svæði] <sup>(1)</sup>[hólfi] sem er skráð vegna innflutnings á þessari tilteknu tegund og flokki lagardýra inn í Sambandið er það einungis gert <sup>(1)</sup>[ef um er að ræða flutning á landi: á vatnsskiptastöðum sem lögbært yfirvald í/á <sup>(1)</sup>[þriðja landi] <sup>(1)</sup>[yfirráðasvæði], þar sem skiptin á vatninu fara fram, hefur samþykkt.] <sup>(1)</sup>[ef um er að ræða flutning með brunnbáti: í a.m.k. 10 km fjarlægð frá öllum lagareldisstöðvum sem eru staðsettar á leiðinni frá upprunastaðnum til viðtökustaðarins í Sambandinu.]</p> <p><b>II.7. Kröfur um merkingar</b></p> <p>Ráðstafanir hafa verið gerðar til að auðkenna og merkja <sup>(1)</sup>[flutningatæki] <sup>(1)</sup>[gáma] í samræmi við 1. og 2. mgr. 169. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/692 og einkum að:</p> <p>II.7.1. sendingin er auðkennd með <sup>(1)</sup>[læsilegum og sýnilegum merkimiða utan á gámnum] <sup>(1)</sup>[færslu í farmskrá skipsins þegar flutt er með brunnbáti] sem tengir sendinguna með skýrum hætti við þetta dýraheilbrigðisvottorð,</p> <p>II.7.2. læsilegi og sýnilegi merkimiðinn inniheldur a.m.k. eftirfarandi upplýsingar:</p> <ol style="list-style-type: none"> <li>fjöldi gáma í sendingunni,</li> <li>heiti dýrategunda í hverjum gámi,</li> <li>fjöldi dýra í hverjum gámi af hverri dýrategund sem er til staðar,</li> <li>í hvaða tilgangi dýrin eru ætluð.</li> </ol> <p><b>II.8. Gildistími dýraheilbrigðisvottorðs</b></p> <p>Þetta dýraheilbrigðisvottorð gildir í 10 daga frá útgáfudegi þess. Ef um er að ræða flutning lagardýra eftir vatnaleið/sjóleiðis má lengja þetta 10 daga tímabil um þann tíma sem ferðin tekur.</p> <p><b>Athugasemdir</b></p> <p>Í samræmi við samninginn um útgöngu Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands úr Evrópusambandinu og Kjarnorkubandalagi Evrópu, einkum 4. mgr. 5. gr. bókunarinnar um Írland/Norður-Írland í tengslum við 2. viðauka við þá bókun, innihalda vísanir til Evrópusambandsins í þessu vottorði Breska konungsríkið að því er varðar Norður-Írland.</p> <p>„Lagardýr“: dýr eins og þau eru skilgreind í 3. lið 4. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429. „Lagareldisdýr“: lagardýr sem falla undir lagareldi eins og skilgreint er í 7. lið 4. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429.</p> <p>Þessi fyrirmynd að vottorði er ætluð fyrir komu lagardýra inn í Sambandið í þeim tilgangi sem er tilgreindur í heiti þess, þ.m.t. þegar Sambandið er ekki lokaviðtökustaðurinn fyrir þessi dýr.</p> <p>Ekki skal nota þessa fyrirmynd að vottorði vegna komu lagardýra inn í Sambandið sem eru ætluð til manneldis í samræmi við reglugerð (EB) nr. 853/2004 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2073/2005, þ.m.t. þau dýr sem eru ætluð til eftirfarandi lagareldisstöðva:</p> <ol style="list-style-type: none"> <li>fyrirtækis sem framleiðir matvæli úr lagardýrum og beitar sjúkdómsvörnum eins og það er skilgreint í 52. lið 4. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429 eða</li> <li>afgreiðslustöðvar eins og hún er skilgreind í 3. lið 2. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/691,</li> </ol> <p>en í þeim tilvikum verður að nota fyrirmynd að vottorði FISH-CRUST-HC, eins og sett er fram í 28. kafla III. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2235, eða MOL-HC, eins og sett er fram í 31. kafla III. viðauka við sömu reglugerð, eins og við á.</p>

LAND	Fyrirmynd að vottorði AQUA-ENTRY-ESTAB/RELEASE/OTHER
	<p>Þetta dýraheilbrigðisvottorð skal útfyllt samkvæmt athenasemndum varðandi útfyllingu vottorða sem kveðið er á um í 4. kafla I. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2235.</p> <p><b>II. hluti:</b></p> <p>(1) Strikið yfir það sem á ekki við.</p> <p>(2) Kóði þriðja lands/yfirráðasvæðis/svæðis/hólfis eins og hann er tilgreindur í skrá yfir þriðju lönd og yfirráðasvæði sem framkvæmdastjórnin samþykkti í samræmi við 1. mgr. 230. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429 vegna komu tiltekinna tegunda lagardýra inn í Sambandið.</p> <p>(3) Skráðar dýrategundir eins og um getur í 3. og 4. dálki töflunnar í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1882. Tegundir smitferja sem eru tilgreindar í 4. dálki í þeirri töflu skulu einungis teljast smitferjur ef þær uppfylla skilyrðin sem sett eru fram í XXX. viðauka við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/692.</p> <p>(4) Á við í öllum tilvikum þegar sleppa á lagardýrunum út í náttúruna í Sambandinu eða þegar viðtökuaðildarríkið er annaðhvort með sjúkdómalaus stöðu m.t.t. sjúkdóms í C-flokki, eins og skilgreint er í 3. lið 1. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1882, eða fellur undir valkvæða útrýmingaráætlun sem er komið á í samræmi við 2. mgr. 31. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429.</p> <p>(5) Á einungis við þegar viðtökuaðildarríkið er með samþykktar landsráðstafanir vegna tiltekins sjúkdóms fyrir hendi, sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt í samræmi við 226. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429.</p> <p>(6) Tegundir sem eru tilgreindar í 2. dálki töflunnar í XXIX. viðauka við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/692.</p>
<p><b>Opinber dýralæknir</b></p> <p>Nafn (með hástöfum)</p> <p>Dagsetning</p> <p>Stimpill</p>	<p>Menntun, hæfi og titill</p> <p>Undirskrift<sup>66</sup></p>